

## **Bútur við bít**

Lag: Ó nema ég

Texti: Benedikt Jóhannsson

Í lífinu þá gengur stundum margt í mót,  
það mæðir okkur bara ekki hætis hót.  
Við unum okkur efni' og sauma við  
og finnum frið.

Við kunnum vel að meta fínar félagsskap.  
Fjörugt oft er kringum svona saumaskap.  
Þá bíður uppvaskið og ýmis þrif  
er saumum við.

Við saumum bít við bít  
og bjálka skerum út.  
Það bætist alltaf meira' og meira við.  
Við stingum innst sem yst  
við elskum þessa list  
og smám saman svo mótast veggteppið.

Þó karlinn stundum kvarti undan húsverkum  
af kappi samt við sinnum áfram saumunum.  
Er seinna smellur koss á kinnbeinið  
kát verðum við.

Við saumum bít við bít  
og bjálka skerum út.  
Það bætist alltaf meira' og meira við.  
Við stingum innst sem yst  
við elskum þessa list  
og smám saman svo mótast veggteppið.